Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

# Netkönnun 2
# Hönnunar-miðstöðvar Íslands

**Markmið:** Kanna hug hönnuða og arkitekta til HönnunarMars 2012

**Framkvæmd:** Apríl 2012

**Þátttakendur:** Könnunin var send á **1010** hönnuði og arkitekta sem eru í félögunum níu* sem eiga Hönnunarmiðstöð Íslands

**Svör:** 128

* Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna og innanhússarkitekta, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélag Íslands, Fatahönnunarfélag Íslands, Textílfélagið, Félag íslenskra gullsmiða og Félag íslenskra teiknara.

**Hönnunarmiðstöð Íslands** | sími 7712200 | Vonarstræti 4b | Pósthólf 590 | 121 Reykjavík | honnunarmidstod.is | blog.icelanddesign.is

## HonnunarMars 2012

SurveyMonkey

### 1. Í hvaða hönnunarfélagi ert þú meðlimur?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| Arkitektafélag Íslands | 20.5% | 26 |
| Fatahönnunarfélag Íslands | 6.3% | 8 |
| Félag húsgagna- og innanhússarkitekta | 8.7% | 11 |
| Félag íslenskra gullsmiða | 3.1% | 4 |
| Félag íslenskra landslagsarkitekta | 6.3% | 8 |
| **Félag íslenskra teiknara** | **23.6%** | **30** |
| Félag vöru- og iðnhönnuða | 15.0% | 19 |
| Leirlistafélag Íslands | 5.5% | 7 |
| Textílfélagið | 7.1% | 9 |
| Ekki í félagi | 3.9% | 5 |
| | **answered question** | **127** |
| | **skipped question** | **1** |

## 2. Starfar þú við hönnun/arkitektúr?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| **Ég starfa sjálfstætt (freelance)** | **36.2%** | **46** |
| Rek smærra fyrirtæki (2-6 starfsmenn) | 22.8% | 29 |
| Rek stærra fyrirtæki (6 eða fleiri starfsmenn) | 7.1% | 9 |
| Ég er í starfi hjá smærra fyrirtæki (2-6 starfsmenn) | 3.9% | 5 |
| Ég er í starfi hjá stærra fyrirtæki (6 eða fleiri starfsmenn) | 15.7% | 20 |
| Aðalstarf utan hönnunargeirans en starfa að hönnun í frítíma | 11.0% | 14 |
| Ekki virk(ur) innan hönnunargeirans | 3.1% | 4 |
| | **answered question** | **127** |
| | **skipped question** | **1** |

## 3. Hvert er starfshlutfall þitt sem hönnuður/arkitekt?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| **100 %.** | **57.5%** | **73** |
| 75 % | 11.8% | 15 |
| 50 % | 10.2% | 13 |
| 25 % | 9.4% | 12 |
| 0 % | 11.0% | 14 |
| | **answered question** | **127** |
| | **skipped question** | **1** |

## 4. Kyn?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| Karl | 29.6% | 37 |
| **Kona** | **70.4%** | **88** |
| | **answered question** | **125** |
| | **skipped question** | **3** |

## 5. Aldur?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| 18-30 | 11.8% | 15 |
| **31-45** | **47.2%** | **60** |
| 46-60 | 34.6% | 44 |
| 61-yfir | 6.3% | 8 |
| | **answered question** | **127** |
| | **skipped question** | **1** |

## 6. Búseta?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæðið** | **89.7%** | **113** |
| Landsbyggðin | 7.9% | 10 |
| Erlendis | 2.4% | 3 |
| | **answered question** | **126** |
| | **skipped question** | **2** |

## 7. Sóttir þú einhverja viðburði á HönnunarMars í ár?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| **Já** | **85.2%** | **109** |
| Nei | 14.8% | 19 |
| | **answered question** | **128** |
| | **skipped question** | **0** |

## 8. Hversu mörgum klukkustundum varðir þú í að skoða viðburði á HönnunarMars?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| 0-1 klst. | 1.9% | 2 |
| 1-2 klst. | 14.0% | 15 |
| 2-4 klst. | 29.9% | 32 |
| **4-8 klst.** | **32.7%** | **35** |
| Meira en 8 klst. | 21.5% | 23 |
| | **answered question** | **107** |
| | **skipped question** | **21** |

## 9. Hefur þú skipulagt eða tekið þátt í viðburði með eigin hönnun á HönnunarMars? Ef já merktu við þau ár sem þú hefur tekið þátt?

| | | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|---|
| 2012 | | 40.8% | 51 |
| **2011** | | **43.2%** | **54** |
| 2010 | | 39.2% | 49 |
| 2009 | | 25.6% | 32 |
| Hef aldrei sýnt | | 31.2% | 39 |
| | | **answered question** | **125** |
| | | **skipped question** | **3** |

## 10. Hefðir þú áhuga á að taka virkari þátt í mótun og framkvæmd HönnunarMars með Hönnunarmiðstöðinni, m.a. með því að:

| | Já | Nei | Kannski | Veit ekki | Response Count |
|---|---|---|---|---|---|
| Taka þátt í mótun dagskrár | 38.2% (29) | 14.5% (11) | **40.8% (31)** | 6.6% (5) | 76 |
| Taka á móti erlendum gestum | **38.7% (29)** | 20.0% (15) | 37.3% (28) | 4.0% (3) | 75 |
| Taka þátt í mótun fyrirlestraraðar | 26.7% (20) | 28.0% (21) | **37.3% (28)** | 8.0% (6) | 75 |
| Almenn aðkoma | **46.9% (38)** | 8.6% (7) | 42.0% (34) | 2.5% (2) | 81 |
| | | | | **answered question** | **85** |
| | | | | **skipped question** | **43** |

## 11. Þátttaka í HönnunarMars hefur skilað mér árangri.

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| Mjög sammála | 21.2% | 18 |
| **Frekar sammála** | **36.5%** | **31** |
| Hvorki né | 35.3% | 30 |
| Frekar ósammála | 4.7% | 4 |
| Mjög ósammála | 2.4% | 2 |
| | **answered question** | **85** |
| | **skipped question** | **43** |

## 12. HönnunarMars hefur styrkt tengslanet mitt.

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| Mjög sammála | 23.5% | 20 |
| **Frekar sammála** | **36.5%** | **31** |
| Hvorki né | 32.9% | 28 |
| Frekar ósammála | 3.5% | 3 |
| Mjög ósammála | 3.5% | 3 |
| | **answered question** | **85** |
| | **skipped question** | **43** |

## 13. Hvernig mætti bæta HönnunarMars að þínu mati?

| | Response Count |
|---|---|
| | 73 |
| **answered question** | **73** |
| **skipped question** | **55** |

## 14. Hefur þú áhuga á að taka þátt í HönnunarMars á næsta ári með eigin hönnun?

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| **Já** | **61.8%** | **76** |
| Nei | 6.5% | 8 |
| Veit ekki | 31.7% | 39 |
| | **answered question** | **123** |
| | **skipped question** | **5** |

## 15. Hvað kæmi helst í veg fyrir þátttöku þína á HönnunarMars 2013? Velja má meira en eina ástæðu.

| | Response Percent | Response Count |
|---|---|---|
| HönnunarMars hentar mér ekki | 8.8% | 7 |
| **Kostnaður við að sýna er of mikill** | **41.3%** | **33** |
| Hef ekki á trú á þessum viðburði | 2.5% | 2 |
| Hef ekkert að sýna | 38.8% | 31 |
| Verð ekki á landinu á næsta ári | 12.5% | 10 |
| Umstangið er ekki þess virði | 17.5% | 14 |
| | Annað tilgreinið | 30 |
| | **answered question** | **80** |
| | **skipped question** | **48** |

| Page 5, Q13. Hvernig mætti bæta HönnunarMars að þínu mati? | | |
|---|---|---|
| 1 | Hafa viðburði tengdari svo fólk þurfi ekki að eyða eins miklum tíma í ferðalög á milli staða. Líkt og var td fyrsta árið þegar flestir atburðir voru á laugaveginum. Gæti trúað að það myndi einfalda dagsskrágerð og kynningarefni verulega. Fólk kvartaði yfir misjöfnum opnunartímum á atburðum og röngum upplýsingum í bækling og appi við mig. Hefði viljað að fyrirlestrar væru ókeypis, amk fyrir félaga aðildarfélaga hönnunarmiðstöðvar. | Apr 17, 2012 2:29 PM |
| 2 | Mér fannst afturför frá því í fyrra í mínum geira, þar sem Félagið okkar var ekki með.  Mér finndist samstaða, samvinna og hugsanlega eitthvað thema gæti verið áhugavert fyrir næsta Hönnunarmars og skilað hugsanlega einhverju nýju og áhugaverðu. | Apr 16, 2012 10:53 AM |
| 3 | Get ekki svarað því sótti ekki HM í ár, en virtist hafa skánað að miklu leyti skipulagslega séð. | Apr 15, 2012 12:26 AM |
| 4 | Hafa hana þéttari, þ.e.a.s. á svipuðum slóðum þá eiga þeir sem eru að sýna á Hönnunarmars kannski möguleika á að skoða fleiri viðburði. | Apr 13, 2012 8:45 PM |
| 5 | Er ekki viss - en mér fannst flott viðbót að fá dagskr. í appi :) | Apr 13, 2012 10:40 AM |
| 6 | Auka fjölbreytni t.d.:  Leikur að hanna: hönnunarstöð fyrir almenning á tímanum einstaklings/hópverkefni fyrir t.d. skóla | Apr 12, 2012 11:51 AM |
| 7 | Halda áfram á sömu braut | Apr 12, 2012 11:02 AM |
| 8 | Hönnuðir sem eru að sýna á HönnunarMars hafa sjálfir lítinn tíma til að fara á milli sýninga og engan tíma til að sitja fyrirlestra. Fyrirlestrarnir mættu vera í vikunni á eftir og sýningarnar standa lengur svo hægt sé að fara um og skoða. Sniðugt væri að setja upp "HönnunarMarsa" Þar sem gengið er með fólk milli viðburða og sýninga, bæði á ensku og íslensku. Þar er markvist og hnitmiðað kynnt hvað er í gangi í hönnun í dag. | Apr 12, 2012 10:26 AM |
| 9 | Meiri fjölmiðlaumfjöllun | Apr 11, 2012 10:47 PM |
| 10 | Ríki og borg mættu koma með meira fjármagn inn í hönnunarmiðstöð til að efla hana og styrkja og þar með Hönnunarmars | Apr 11, 2012 5:56 PM |
| 11 | Auglýsa betur ALLA viðburði, finnst ekki rétt að hönnunarmiðstöð taki ákvörðun hvaða atburðir séu áhugaverðir. Bloggið mætti virka betur, vantaði mikið þar inná, var og er alltof hægt. | Apr 11, 2012 2:37 PM |
| 12 | Taka eina viku í opnanir og lengja tímann sem sýningarnar eru. | Apr 11, 2012 2:19 PM |
| 13 | Skipulagning til fyrirmyndar Verkefni frábær Fyrirlestraröð æðisleg Útlit hönnunarmars - eru bara tveir grafískir hönnuðir á landinu? - er ekki kominn tími til að að leyfa fleirum að taka slaginn? | Apr 11, 2012 1:02 PM |
| 14 | Með því að velja úr vandlega hvað er sýnt hverju sinni.  Gæðin eru misjafnlega góð! | Apr 11, 2012 10:26 AM |
| 15 | mætti alveg fara yfir 2 helgar | Apr 11, 2012 10:18 AM |
| 16 | Það mætti koma meira inn á mikilvægi hönnunar í borgarskipulagi og manngerðu umhverfi, sjálfbærar lausnir ættu að vera mikilvægur áhersluþáttur, sem hluti af markaðssetningu eyjarinnar sem sjálfbær kostur uuu mættum gera betur þar, höfum fullt af færu fólki sem kann en það þarf að koma þekkingunni á framfæri og setja hana í seljanlegar umbúðir. | Apr 11, 2012 10:10 AM |

| Page 5, Q13.  Hvernig mætti bæta HönnunarMars að þínu mati? | | |
|---|---|---|
| 17 | Það mætti tengja Akureyri með samsíða atburðum/uppákomum. Mikil gróska og áhugi hér fyrir norðan. Ég hefði áhuga á því að koma þar að skipulagi ef áhugi er fyrir því. S: 616 1019 | Apr 11, 2012 9:42 AM |
| 18 | Finnst margt mjög vel heppnað í dag og vex með hverju árinu. | Apr 11, 2012 9:22 AM |
| 19 | Styrkja og efla mætti fleiri sýningar og viðburði sem byggjast á vönduðu gæðamati (sótt um og valið inn) og sýningarstjórn, ekki aðeins sköpunargleði hönnuða og sjálfskipuðum hópum þó þær sýningar/viðburðir megi aldrei hverfa og geri borgina lifandi og skemmtilega í HönnunarMars. | Apr 11, 2012 9:20 AM |
| 20 | Auka þarf þáttöku arkitekta. | Apr 11, 2012 9:05 AM |
| 21 | Að móta hefð fyrir því og hvetja erlend framleiðslufyrirtæki til að finna vörur og hönnuði á Hönnunarmars til framleiðslu. Vöruhönnun fyrir stærri markað er eina raunhæfa leiðin til árangurs | Apr 11, 2012 8:22 AM |
| 22 | Virkja þátttakendur í sjálfstæðum/eigin viðburðum, án formerkjum félaganna. | Apr 10, 2012 10:49 PM |
| 23 | Fagmennska | Apr 10, 2012 10:12 PM |
| 24 | hafa viðburði opið lengur, meiri samvinnu milli faga. | Apr 10, 2012 10:09 PM |
| 25 | það er erfitt þegar eigið fagfélag er ekki með sýningarsvæði en mann langar að koma á framfæri eigin hönnun | Apr 10, 2012 9:36 PM |
| 26 | Dreifa þessu á lengra tímabil | Apr 10, 2012 9:32 PM |
| 27 | Til að mynda var heimasíðan fyrir HönnunarMars 2012 illa aðgengileg og þyrfti að bæta töluvert fyrir næsta ár. | Apr 10, 2012 9:14 PM |
| 28 | ? | Apr 10, 2012 9:07 PM |
| 29 | Áframhaldandi þróun og bestun, til dæmis með svona könnun :) | Apr 10, 2012 9:04 PM |
| 30 | Búa til aðgengiegt yfirlit um hönnuði og vörur á netinu. | Apr 10, 2012 8:58 PM |
| 31 | Gera dagskrá, bækling auðlesanlegri. | Apr 10, 2012 8:50 PM |
| 32 | Það mætti lengja sýningartíman um nokkra daga því það er svo margt að skoða að maður kemst ekki yfir að sjá allt sem er áhugavert. | Apr 10, 2012 8:38 PM |
| 33 | Hafa meiri fjölbreytni í hönnun innan hvers hóps, t.d. allir sófar með sama formi í Sjóminjasafninu. | Apr 10, 2012 8:36 PM |
| 34 | Að vöru og iðnhönnuðir haldi saman og sýni allir saman. Þannig verðum við marktæk og sterkust sem heild. Kannski verður að skoða það að velja inn á sýninguna rétt eins og fatahönnuðir og leirlistafélagið gerir. | Apr 10, 2012 8:28 PM |
| 35 | Að mínu mati mætti fækka viðburðum og  hafa fleiri stærri viðburði. Einnig tel ég að heillavænlegt væri skipta fagfélögunum í tvo flokka sem verða í brennidepli annað hvert ár. Dæmi annað árið væri áhersla og aðal áhersla á kynningu viðburða þeim tengdum: Vöruhönnun (Iðnhönnuðir, Leilistafélagið, Textílfélagið, FÍT og Fartahönnunarfélagið. Hitt árið væri áherlan á arkitektúr þe. Arkitektafélagið, Landslagsarkitektar ásamt húsgagna- og innanhússarkitektum. Það er mikið álag að koma með nýja vöru-/eða línu á hverju ári fyrir Hönnunarmars, því tel ég heillavænlegra að félögin leggi metnað sinn í þátttöku annað hvert ár með stóra viðburði. | Apr 10, 2012 8:04 PM |

| Page 5, Q13.  Hvernig mætti bæta HönnunarMars að þínu mati? | | |
|---|---|---|
| 36 | HönnunarMars er orðinn dáldið 'product based', þ.e. hönnuðir að kynna hluti til sölu.  Gaman væri að sjá fleira 'óáþreifanlegt' tengt hönnun, t.d. pælingar varðandi menntun, skýrslur og hugmyndavinnu, hugbúnaðarþróun o.fl. | Apr 10, 2012 8:02 PM |
| 37 | Fannst sýningin mjög flott í fyrra en var bara ekki á landinu núna en hef ekkert út á hana að segja.. | Apr 10, 2012 7:47 PM |
| 38 | Mætti vera strangari skilyrði fyrir þáttöku. Of mikill amatörismi á köflum. Meiri grasrót ! | Apr 10, 2012 7:27 PM |
| 39 | Gera dagskránna miklu skýrari og aðgengilegri með skýrara og betur skipulögðu kynningarefni. Gera öllum sviðum hönnunar skil. | Apr 10, 2012 7:19 PM |
| 40 | Er ánægð með HönnunarMars eins og hann er | Apr 10, 2012 7:01 PM |
| 41 | Dagskráin mætti vera meira spennandi. T.d. að fá erlenda hönnuði til að koma og sýna í auknum mæli. | Apr 10, 2012 7:00 PM |
| 42 | það mætti leggja meiri áherlsu á framleiðslu | Apr 10, 2012 6:55 PM |
| 43 | bættri vefsíðu. þar sem hægt er að búa til sína eigin dagskrá | Apr 10, 2012 6:48 PM |
| 44 | Gera hann að viðburði sem að stendur yfir lengur  eða t.d.frá fim-þri. Þannig að viðburðir séu ekki að þvælast of mikið fyrir hvor öðrum og gefa fleirum kost á því að skoða marsinn | Apr 10, 2012 6:13 PM |
| 45 | Að bæta aðgengi hönnuða að blaðamönnum.  Það virðist hálf tilviljunarkennt hvort blaðamenn vita af vissum atburðum HönnunarMars hvort sem er stórum eða smáum. | Apr 10, 2012 5:57 PM |
| 46 | ... bæta við dögum. | Apr 10, 2012 5:37 PM |
| 47 | Hafa sýningarnar meira tengdar, t.d. með húsnæði. Atburðir eru of dreifðir og því verður hátíðin dálítið tætt og erfitt fyirr fólk að sjá nema lítið brot af því sem er í boði. | Apr 10, 2012 5:34 PM |
| 48 | Bæta vefinn, auðvelda að draga fram eigin "favorits". Appið var ágæt tilraun en leiðinlegt í notkun. | Apr 10, 2012 5:20 PM |
| 49 | Auka gegnsæi. Meira fjármagn og fleiri starfsmenn eða virkja nemendur t.d. í arkitektúr- og hönnunardeild LHÍ til að vinna sjálfboðavinnu í tengslum við hátíðina - LHÍ gæti t.d. verið með valkúrs á þessum tíma fyrir nemendur sem hafa áhuga á að kynnast ferlinu og hjálpa. | Apr 10, 2012 5:19 PM |
| 50 | það var nokkuð um villur í bókinni varðandi opnunartíma ofl sem olli okkur vandræðum | Apr 10, 2012 5:11 PM |
| 51 | Skipulag hátíðarinnar virkar gott og spennandi. Aftur á móti fer mikið fyrir hönnun lítilla og "krútlegra" muna en minna fyrir hönnun stærri hluta þar sem farið er í dýptina með að leysa ákveðið notagildi og gera það fallega. Þetta eru t.d. munir eftir iðnhönnuði sem hanna nýtt sjúkrarúm eða nýjan björgunarhring. Þetta er þó hugsanlega krítik meira á hönnunargeirann sjálfann. Þetta leiðir þó til spurningarinnar hvort boðið sé upp á uppybggilega gagnrýni á íslenskri hönnun? Þetta er þó bara létt vangavelta, í heildina er HönnunarMars flottur viðburður. | Apr 10, 2012 5:04 PM |
| 52 | ég hef áhyggur af því að hönnunarmars sé að verða svolítið "sjoppulegur" - að Það hafi verið smá kolaportsbragur á þessu. - Getur verið að það sé að | Apr 10, 2012 4:59 PM |

| Page 5, Q13.  Hvernig mætti bæta HönnunarMars að þínu mati? | | |
|---|---|---|
| | koma þreyta í þetta svona árlegir viðburðir hafa tilhneigingu til þess. Þá er spurning að endurskoða það hafa þetta árlega, eða setja meiri og harðari kröfur. | |
| 53 | HönnunarMars er um vöruhönnun. Það er glatað. Allt of mikil áhersla á vörur en ekki hönnun. | Apr 10, 2012 4:49 PM |
| 54 | Að allir hönnuðir sýni mettnað og íhugi vel hað þeir sýn........ of mikið af því sama aftur ár frá ári og sömu hlutir á mörgum stöðum..... Færri og vandaðri viðburði :) annars bara frábært.... | Apr 10, 2012 4:49 PM |
| 55 | Þjappa verkefnum meira saman á svæði svo gestir geti nýtt meiri tíma í að kynna sér hönnunina sem er til sýnis frekar en að eyða tíma í að ferðast á milli staða. Það er ákveðin sjarmi yfir því að sýna á morgum stöðum eins og hefur verið en kanski praktískara að vera með svokallaða "Hönnunar Messu" undir einu þaki. | Apr 10, 2012 4:48 PM |
| 56 | HEF ALLTAF HAF ÁHYGGJUR AÐ MISMUNANDI ÞARFIR HÖNNUNARHÓPSINS NÁI EKKI TIL ALLRA. HLUTI HÓPSINS ER FRAMLEIÐSLU MIÐAÐUR OG GETUR GERT MARSINN AÐ MARKAÐSTORGI. AÐRIR ERU MEÐ MARKAÐSÞÖRF OG UM LEIÐ MIKLA SÝNI ÞÖRF OG ÞÁ ER MARSINN AÐ VIRKA. Í ÁRS SÝNIST MANNI AÐ ÞAÐ VIRKI VEL AÐ fATAHÖNNUÐIR VORU MEÐ RFF HELGINA Á EFTIR. SEM AÐ MÍNU MATI VIRKAÐI VEL MAÐUR GAT SLEPPT ÞVÍ EF ÁHUGINN VAR EKKI FYRIR ÞVÍ. HELD AÐ ANNAÐHVORT EIGI AÐ DREIFA ATBURÐUM EFTIR MISMUNANDI HÖNNUN Á ÞRJÁR HELGAR Í MARS. ÞANNIG AÐ ARKITEKTAR SEM ERU Í FYRRNEFNDUM HÓPUM GETI FÓKUSAÐ Á SITT MEÐ FYRIRLESTRUM SÝNINGUM EÐA ÖÐRUM UPPÁKOMUM. EÐA EF ÞAÐ ER BARA EINA HELGI AÐ ÞÁ VERÐI EKKI ALLIR MEÐ Á HVERJU ÁRI OG ÁRLEGA VERÐI ÁHERSLA Á TILTEKNA ÞÆTTI. DÁLITIÐ LÍKT OG LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK GERIR ´HERSLU MILLI ÁRA ER BREYTILEG. | Apr 10, 2012 4:48 PM |
| 57 | Arkitektar verði sýnilegri Ekki dreifa sýningum of víða | Apr 10, 2012 4:43 PM |
| 58 | spurning um hvort gæði/framleiðni hönnunar sé næg til árlegra sýninga? | Apr 10, 2012 4:42 PM |
| 59 | Mér fannst dagskrá um viðburði og aðrar upplýsingar koma óþægilega seint þar sem ég bý á Akureyri og beið eftir upplýsingum um fyrirlestra og tímasetningar á opnunum til að geta pantað mér flug! Að sama skapi er erfitt fyrir okkur á landsbyggðinni að mæta á viðburði eins og verðlaunaafhendingu FÍT sem ávallt er haldin á miðvikudeginum.  Ég var mjög ánægð með appið sem í boði var en hefði viljað hafa möguleikann á að gera "mitt" kort, þannig að ég gæti listað upp þá viðburði sem ég vildi sjá og sæi staðsetningu á korti! | Apr 10, 2012 4:42 PM |
| 60 | Fjölga sýningardögum og koma fjármagni nær sýnendum.  Of mikið af fjármunum fer í yfirbyggingu, en ekkert til sýnenda. | Apr 10, 2012 4:40 PM |
| 61 | Dagskrá er alltof seint á ferðinni, viðburðir tilkynntir inn á síðustu stundu, hefur yfirbragð skipulagsleysis og seinagangs, bæklingur mjög illskiljanlegur og torlesinn fyrir þá aðila sem ekki þekkja til hönnunargeirans. Einstakir liðir í bæklingi illa útskýrðir... t.d. komu fram heiti á sýningu eða heiti rýmis en ekki kom skýrt og aðgengilega fram hverjir taka þá í viðburðinum... s.s. erfitt fyrir aðila sem ekki þekkja beinlínis til að átta sig á því hvað var um að vera... Bæklingur mætti vera miklu skýrari fyrir erlenda gesti... en er ekki einmitt verið að höfða til þess hóps ???? | Apr 10, 2012 4:38 PM |

| Page 5, Q13.  Hvernig mætti bæta HönnunarMars að þínu mati? | | |
|---|---|---|
| 62 | Færri sýningareiningar. Alltof dreift eins og það er nú. Sterkari KJARNA vantar með áherslur á eitthvað ákveðið sem markast af ÞÖRF sem hönnunin á að leysa. Of einhæfir kaupaðilar á DesignMatch (skraut og húsgögn ..vantar praktískari nytjahluti í takt við umhverfi og samfélagsþróun). Fréttaumfjöllun í sjónvarpi þarf að vera meiri = Áskorun! Heyri alltof mikið kvartað yfir því að hér sé verið að sýna copíur og stælingu á erlendri hönnun .... er ekki hægt að tala opinskátt um þetta og hindra það með einhverju móti? (Fagfélögin) | Apr 10, 2012 4:34 PM |
| 63 | Hjálpa listamönnum að komast í framleiðsluferli með vörur sínar. | Apr 10, 2012 4:33 PM |
| 64 | Flott en finnst að Listaháskólinn og stórfyrirtæki mættu vera sýnilegri. | Apr 10, 2012 4:33 PM |
| 65 | Mjög flott gróska í hönnunarmarsi. Fínt að virkja lítil hönnunarfyrirtæki með þeim hætti sem gerðist 2012 á Grandanum. | Apr 10, 2012 4:30 PM |
| 66 | opna klíkur og henda út sjálfskipuðum elítum | Apr 10, 2012 4:28 PM |
| 67 | Ég hefði viljað komast í meira samband við fjölmiðla - fá meiri umfjöllun. Einnig hefði verið gott að hafa vefsíðu þar sem allir þátttakendur geta "postað" sínum verkum frá sýningunni....gera sýninguna "global" | Apr 10, 2012 4:28 PM |
| 68 | Mér finnst t.d. þurfa að samræma opnunartíma. | Apr 10, 2012 4:26 PM |
| 69 | lengja sýningartíma, ein helgi er of stuttur tími halda hönnunarmars annað hvert ár  bjóða erlendum hönnuðum að taka þátt sumir dagskráliðir of afskekktir, væri möguleiki að halda þetta á einum stað? | Apr 10, 2012 4:26 PM |
| 70 | Að dagskráin fari út tímalega. í dagblöðum. sett upp skipulega.  Viðburðir séu opnir öllum almenningi | Apr 10, 2012 4:25 PM |
| 71 | Ótrúlega skemmtilegur viðburgður sem má ekki detta útaf dagkskrá. Þétta sýningastaði | Apr 10, 2012 4:20 PM |
| 72 | hafa hana mun lengur. allavegana að ná að spanna tvær helgar og vikuna á milli hiklaust og hef heyrt þetta frá mörgum | Apr 10, 2012 4:19 PM |
| 73 | Mér finnst HönnunarMars vera að þróast í jákvæða átt með hverju árinu sem líður. Í augnablikinu dettur mér ekkert í hug sem þarf að bæta. | Apr 10, 2012 4:19 PM |

| Page 6, Q15. Hvað kæmi helst í veg fyrir þátttöku þína á HönnunarMars 2013? Velja má meira en eina ástæðu. | | |
|---|---|---|
| 1 | Gæti gleymt að HM væri á næsta leiti. | Apr 15, 2012 12:27 AM |
| 2 | ekkert kæmi í veg fyrir þáttökuna | Apr 11, 2012 5:57 PM |
| 3 | Ég er í meira en fullu starfi sem textílkennari. | Apr 11, 2012 11:08 AM |
| 4 | Hef ekki tekið þátt en þykir þetta flott framtak, er stolt af því fólki sem hefur sýnt sit og sitt. Það má vel vera að maður spýti í lófana og flaggi sér doldið næst... þekki ekki hvað gæti verið til trafala, en tími og kostnaður eru jú alltaf þættir sem hafa áhrif. gogogo og klapp á bakið, flott framtak hjá duglegum hönnuðum sem komið hafa hönnunarmrs á kopp. takk fyrir mig. :) | Apr 11, 2012 10:13 AM |
| 5 | Landfræðileg - Er búsettur á Akureyri | Apr 11, 2012 9:43 AM |
| 6 | Verk hentuðu ekki til sýningar... Verk sem hentuðu til sýningar ekki tilbúin í mars... Leti... | Apr 11, 2012 9:23 AM |
| 7 | Ekki starfandi sem hönnuður | Apr 11, 2012 8:48 AM |
| 8 | Ég gef mér ekki tíma í það | Apr 11, 2012 12:35 AM |
| 9 | Annir | Apr 10, 2012 11:07 PM |
| 10 | Með því að merkja við kostnaðinn á ég við að það kostar of mikið að láta framleiða vöruna fyrir hönnunarmarsinn. | Apr 10, 2012 9:27 PM |
| 11 | Annríki í "aðal" vinnunni minni þar sem ég starfa aukalega við hönnun | Apr 10, 2012 9:06 PM |
| 12 | Vantar utanumhald og eftirfylgni. | Apr 10, 2012 9:00 PM |
| 13 | Get ekki hakað við neitt af ofangreindu | Apr 10, 2012 8:39 PM |
| 14 | Ósammála öllu ofangreindu | Apr 10, 2012 8:38 PM |
| 15 | Tímaskortur | Apr 10, 2012 8:02 PM |
| 16 | Vil ekki stilla mér upp með hverjum sem er... | Apr 10, 2012 7:28 PM |
| 17 | hef verið hluti af FÍTsýningu, læt það duga. | Apr 10, 2012 5:54 PM |
| 18 | Ef ég verð að tilgreina eitthvað, þá skilar hátíðin ennþá kannski ekki alveg því sem ég óska en ég trúi því að hátíðin muni gera það í framtíðinni og þetta er allt á réttri leið. Það sem ég myndi vilja er að erlendar hönnunarverslanir kæmu hingað í stórum stíl til að panta í búðirnar sínar og fleiri blaðamenn kæmu hingað á eigin vegum og áhuga til að fjalla um hönnunina á HönnunarMars. Ef ég þyrfti að haka við þá myndi ég haka við "að ég hefði ekki trú á þessu viðburði"... en það er ekki satt, því ég hef trú á honum í framtíðinni þótt hann sé ekki alveg kominn þangað. Þetta er ferðalag og það gengur vel. | Apr 10, 2012 5:41 PM |
| 19 | Ef ég er upptekin í öðru | Apr 10, 2012 5:38 PM |
| 20 | Aftur: áherslan er alltof mikið á vörur til að selja. | Apr 10, 2012 4:50 PM |
| 21 | Umstangið er mikið en það er þess virði.....kostnaður við smíði frumgerða og tilrauna of mikill. Vantar meiri stuðning við hönnun og framleiðslu. | Apr 10, 2012 4:50 PM |

**Page 6, Q15.  Hvað kæmi helst í veg fyrir þátttöku þína á HönnunarMars 2013? Velja má meira en eina ástæðu.**

| | | |
|---|---|---|
| 22 | SJÁ HUGLEIÐINGU MEÐ SPURNINGU NR 14 | Apr 10, 2012 4:49 PM |
| 23 | Vantar hvatningu, umsjón og eftirrekstur | Apr 10, 2012 4:46 PM |
| 24 | Getur verið snúið að "sýna" arkitektúr.  Skalinn til þess gerður að upplifa beint. | Apr 10, 2012 4:41 PM |
| 25 | Líst vel á HM í alla staði, vel auglýst og vel kynnt en mætti gera enn betur. Skipulag og dagskrá mætti vera miklu aðgengilegri og skýrari fyrir "laymenn" ... | Apr 10, 2012 4:39 PM |
| 26 | Ég vil vera örugg á að allt umstangið og kostnaður skili Fyrirtæki mínu því sem ég ætla að ná fram .... hef eitt ár til að meta það ... er með nýja Áherslu/lausn í huga. | Apr 10, 2012 4:34 PM |
| 27 | Yfirleitt tímaleysi. Vinn frekar launaða vinnu, en hvet yngri hönnuði til þátttöku. | Apr 10, 2012 4:31 PM |
| 28 | klíkumyndun | Apr 10, 2012 4:28 PM |
| 29 | Tími | Apr 10, 2012 4:24 PM |
| 30 | Á eftir að koma hönnuninni minni í framleiðslu áður en ég get sýnt hana | Apr 10, 2012 4:20 PM |